

## Hvaða kjarasamningar gilda?

- Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að gildir almennt fyrir starfsfólk í ferðapjónustu.
- Kjarasamningur Landssambands ísl. verslunarmana og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að gildir fyrir starfsfólk í gestamóttöku.
- Kjarasamningur Landssambands ísl. verslunarmana og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að gildir um samsett störf (afgreiðslu- og þjónustustörf) hjá ferðapjónustufyrirtækjum.

## Ert þú í réttu stéttarfélagi?

Öllum þeim starfsmönnum sem starfa á félagssvæði Framsýnar ber að greiða félagsgjöld til Framsýnar enda taki þeir kjör og önnur réttindi eftir kjarasamningum félagsins og Samtaka atvinnulífsins vegna starfsmanna í ferðapjónustu. Á móti er félagini ætlað að gæta hagsmunu þeirra á vinnumarkaði og veita þeim þær upplýsingar sem þeir þurfa á að halda á hverjum tíma er viðkoma réttindum þeirra og skyldum á vinnumarkaði.

## Félagssvæði Framsýnar

Félagssvæði Framsýnar nær yfir sveitarfélögin, Norðurþing, Skútustaðahrepp, Þingeyjarsveit og Tjörneshrepp.

## Fyrirspurnir um réttindi félagsmanna

Starfsmönnum er velkomið að senda fyrirspurnir á netföngin [kuti@framsyn.is](mailto:kuti@framsyn.is) og [eða linda@framsyn.is](mailto:eða linda@framsyn.is) varðandi ákvæði kjarasamningsins.

## Athugið!

Öll mál sem koma til félagsins  
eru trúnaðarmál sé eftir því óskað.

*Nánari upplýsingar um allt sem tengist þínum  
réttindum og skyldum er hægt að nálgast á  
Skrifstofu stéttarfélaganna, Garðarsbraut 26  
á Húsavík eða á heimasíðu félaganna, [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is).*

**Skrifstofa stéttarfélaganna sími 464 6600.**

**Húsavík 2021**



## Starfar þú á veitingastað, hótel, gistiheimili eða í afþreyingarferðapjónustu?

## Góðar upplýsingar fyrir starfsfólk í ferðapjónustu



**FRAMSÝN**

STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

**Við stöndum vörð um réttindi félagsmanna**

## Ráðningarfórm

Heimilt er að ráða starfsmenn í tímavinnu eða í vaktavinnu. Ráðningarfórm skal koma skýrt fram í ráðningarsamningi.

## Vaktavinna

Hámarkslenge vaktar er 12 klst.

Lágmarkstími vaka er 3 klst.

Hver vakt skal unnin í samfelldri heild.

Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils:

- 33% álag greiðist frá kl. 17.00 til miðnættis mánudaga til föstudaga
- 45% álag greiðist á allar nætur frá miðnætti til kl. 08:00 og einnig á laugardögum og sunnudögum
- 90% greiðist á allar vaktir sem unnar eru á sérstökum stórhátiðardögum

## Hvenær lýkur þinni vakt?

Vaktir skulu skipulagðar fyrir 4 vikur í senn og vaktskrá kynnt með að minnsta kosti viku fyrirvara áður en hún á að taka gildi.

Vakt skal skrá með upphaf og endi í vaktaplani. Sé það ekki gert skal greiða dagvinnu á dagvinnutímabili og yfirvinnu á yfirvinnutímabili.

## Vetrarfrí vegna vinna á helgidögum

Starfsmenn sem vinna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf fyrir helgi- og tillidaga. Heimilt er með samkomulagi aðila að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Afleysingafólk skal fá áunna vetrarfrídaga gerða upp við starfslok.

## Fæði á vinnutíma

Vinnuveitandi leggur starfsfólk til fæði á vinnutíma því að kostnaðarlausu.

## Fatnaður

Starfsfólk skal ávallt vera hreint og snyrtilegt til fara. Sé þess óskað að starfsfólk klæðist sérstökum

vinnufatnaði, skal vinnuveitandi leggja slíkan fatnað til eftir þörfum, starfsfólk að kostnaðarlausu.

Vinnuveitandi skal sjá um viðhald og hreinsun þess vinnufatnaðar sem hann leggur til og er hans eign.

## Gera skal ráðningarsamning strax

Þegar við ráðningu eiga starfsmenn rétt á ráðningarsamningi. Þar skulu ráðningarkjör staðfest s.s. ráðningartími, vinnufyrirkomulag, launakjör og við hvaða kjarasamning er stuðst við.

## Jafnaðarkaup

„Jafnaðarkaup“ er ekki til í kjarasamningum og því ekki heimilt. Dæmi eru um að fyrirtæki í ferðaþjónustu fari ekki eftir þessu ákvæði og greiði starfsmönnum jafnaðarkaup. Reynslan sýnir að forsendur útreikninga eru oft rangar.

## Lágmarkshvíld

Á að vera samfelld, þ.e. 11 klst. á hverju 24 klst. tímabili.

## Kjósa ber trúnaðarmann

Starfsmönnum er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann á hverjum vinnustað þar sem starfa fleiri en 5 starfsmenn og two ef starfsmenn eru fleiri en 50. Trúnaðarmönnum er ætlað að gæta hagsmuna starfsmanna.

## Nokkur atríði úr kjarasamningi:

- 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir 1 ár.
- Starfsfólk sem ekki gengur reglubundnar vaktir skal fá greitt tímakaup, það er dagvinnukaup á dagvinnutímabili og yfirvinnukaup utan dagvinnutímabils.
- Hámarksdagvinnutími í mánuði er 173,33 klst., eftir það greiðist yfirvinnukaup, það er með 80% álagi.
- Dagvinnukaup skal fundið með því að deila 172 í mánaðalaun.
- Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hverja unna klst. og skiptast eftir samkomulagi starfsmanns og stjórnanda.
- Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
- Að lágmarki skal greiða 4 klst. fyrir útkall.
- Starfsmenn sem ráðnir eru til stjórnunarstarfa skulu fá 15% álag á kjarasamningsbundin laun.

- Greiða skal starfsmönnum í ferðaþjónustu samkvæmt greinum 2.9 og 2.10 í kjarasamningi sem taka bakvaktir og/eða er gert að vera með símavakt eftir að reglulegum vinnutíma er lokið.

## bú átt rétt á launaseðli

Launþegi á rétt á að fá launaseðli við hverja útborgun þar sem greiðslan er sundurliðuð, svo sem í dagvinnu, yfirvinnu, vakaálag og aðrar álags- og kaupauka greiðslur. Allur frádráttur á að vera sundurliðaður. Geymdu launaseðlana, með þeim getur bú sannað réttindi þín.

## Röðun í launaflokka

Samkvæmt kjarasamningum er heimilt að raða starfsmönnum í launaflokk 4 enda séu starfsmenn ráðnir í tímavinnu. Starfsmenn sem ráðnir eru í vaktavinnu raðast í launaflokka 5 og 6 allt eftir ábyrgð og sjálfstæði í starfi. Rétt er að taka fram að um lágmarkskjör er að ræða. Starfsfólk sem starfar á skrifstofum, gestamóttöku og við sölustörf tekur kjör eftir öðrum kjarasamningi, það er kjarasamningi LÍV og SA.

## Gera skal húsaleigusamning

Þegar ferðaþjónustuaðilar útvega starfsmanni húsnæði gegn endurgjaldi í tengslum við ráðningu gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 um gerð og efni leigusamninga. Húsnæði skal ætlað til búsetu og uppfylla kröfur um aðbúnað og hollustubætti.

## Félagsgjald og þjónustusvæði

Þeim starfsmönnum sem starfa eftir kjarasamningum Framsýnar á félagssvæðinu ber að greiða félagsgjald/vinnuréttargjald til félagsins enda féluginu ætlað að þjónusta viðkomandi aðila auk þess að veita þeim aðgengi að styrkjum úr sjóðum félagsins og kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum.

## Forgangsréttur félagsmanna

Við ráðningu starfsfólks skulu félagar í Framsýn njóta forgangs til starfa hjá ferðaþjónustuaðilum enda falli störfin undir samningssvið félagsins.

**Hafðu samband ef þú telur að hlutirnir séu ekki í lagi!**